



Í þessu fréttabréfi

Skólaslit	1
Vorhátíð	1
Umhverfisverkefni	1
Gróðursetning	1
Pemadagar	2
10. bekkur á ferðalagi	2
Vorferðir	2
Sumarlestur	2
PBS í Njarðvíkurskóla	3
Virkjum vísindin	3
Hlið við hlið í námi	3
Innritun í framhaldsskóla	4
Útivistartími barna	4
Frístundaskólinn	4
Óskilamunir	4
Sumarkveðja	4

Skólaslit 2009


Skólaslit verða 6. júní sem hér segir.

7.—9. bekkur kl. 9:00

1.—6. bekkur kl. 10:00

10. bekkur kl. 1100

Foreldrar eru hvattir til að mæta með nemendum á skólaslitin.



MENNTUN-MANNRÆKT

Vorhátíð

Vorhátíð skólans verður föstudaginn 5. júní kl. **10:15 – 12:30**.

Nemendur eiga að mæta í heimastofu og manntal tekið. Skruðgangan leggur af stað frá skólanum í norðurátt kl. 10:30. Að því loknu er frjáls dagskrá þar sem nemendur taka þátt í ýmsum leikjum og þrautum. Stöðvar sem nemendur geta farið á eru t.d. hoppukastalar, smíðastöð, sápukúlustöð, starfshlaup, tarsanleikur og margt fleira. Nemendur 10. bekkjar verða til aðstoðar á stöðvum og í andlitsmálningu fyrir yngstu nemendur. Veltibíllinn verður fyrir nemendur 6. –10. bekkjar í boði Sjóvá. Í lok vorhátíðar verða grillaðar pylsur með aðstoð foreldrafélags Njarðvíkurskóla. Foreldrar eru velkomnir á vorhátíðina.

Umhverfisverkefni Reykjanesbæjar

Nemendur í 6. bekk taka þátt í umhverfisverkefni Reykjanesbæjar föstudaginn 29. maí nk. Þeir fara með umsjónarkennurum sínum og hreinsa rusl meðfram Njarðarbraut.

Verkefnið endar svo á græna svæðinu fyrir neðan Ásahverfi þar sem þau ætla að fara í leiki og fá sér smá hressingu. Nemendur Njarðvíkurskóla tóku þátt í þessu verkefni á síðasta skólaári og fékk Njarðvíkurskóli viðurkenningu frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjanesbæjar fyrir sérstakan dugnað.



Gróðursetning

Árlega fara nemendur Njarðvíkurskóla og gróðursetja í Vigdísarlundi í Grænásbrekku. Þetta verkefni er styrkt af Yrkjúsjóði og við höfum fengið leiðsögn formanns Skógræktarfélagssuðurnesja. Nemendur í 4.-5. bekk munu gróðursetja birkiplöntur í vorferðinni sinni.

Vefsíða skólans:

www.njardvikurskoli.is



Njarðvíkurskóli
V/Brekustíg
260 Njarðvík
Lára Guðmundsdóttir
skólastjóri/ábyrgðarmaður
Sími: 420-3000

Dagana 2. – 4. júní verður hefðbundin kennsla brotin upp og nemendur vinna í þemasmiðjum frá kl. 8:15 - 11:15. Að því loknu eru nemendur hjá umsjónarkennara sínum til loka skóladags, þ.e. 1. bekkur til 13:20 og 2. – 10. kl. 14:00. Markmið þemadaga er að efla fjölbreytileika í skólastarfinu og nýta nánasta umhverfi skólans til náms og skemmtunar. Dæmi um smiðjur er eggjaleit, bryggjuveiði, fjöruferð, sund í Vatnaveröld, heimsókn á slökkvistöð, stuttmyndagerð ofl. Þetta er þriðja árið sem skipulagðir eru þemadagar síðustu daga skólaársins og hafa þeir ávallt vakið mikla lukku.

10. bekkur í vorferðalagi

Vorferðin var dagana 11.-14. maí. Farið var á Suðurlandið þar sem allir skemmtu sér konunglega. Fyrst var farið í Adrenalíngarðinn þar sem við lentum í rigningu og sumir gáfust upp á meðan aðrir virtust ekki taka eftir því að það rigndi. Eftir það héldum við að Hótel Hlíð þar sem við mötuðumst og gistum í 3 nætur. Fyrstu nóttina var eins og búast mátti við, mikill æsingur og spenna en að lokum tókst að svæfa alla :) Næsta dag var haldið í Paintball þar sem hópnum var skipt í minni hópa og liðin spiluðu hina ýmsu leiki þar sem að kennurum var alls ekki hlíft! Um kvöldið horfðum við á Jóhönnu Guðrúnu koma Íslandi upp úr undankeppninni í Eurovision við mikla gleði. Síðasta daginn var farið í rafting niður Hvítá þar sem að enginn týndist þrátt fyrir að nokkrir höfðu farið í ána, sumir viljandi en öðrum hent út í af "félögum sínum". Eftir ferðina var farið í gufu og grillað ofan í okkur lambakjöt og meðlæti sem borðað var með bestu lyst. Um kvöldið stóðu Ásgerður og Yngvi fyrir kvöldvöku þar sem keppt var í hinum ýmsu þrautum. Heimleiðin gekk fínt, enginn týndur, enginn slasaður og allir ánægðir. Flott ferð með flotta nemendum.

Sumarlestur

Á vordögum kom Svanhildur Eiríksdóttir bókmenntafræðingur á bókasafni Reykjanesbæjar og kynnti sumarlesturinn fyrir nemendum. Bæklingur frá bókasafninu verður sendur foreldrum í tölvupósti og geta þeir skráð fjölda bóka sem lesinn er yfir sumartímann.

Í lok sumarlestrar verður uppskeruhátíð á bókasafninu. Við hvetjum alla nemendur til að vera duglegir að lesa í sumar því æfingin skapar meistarann.



Vorferðir nemenda 1.—9. bekk

Vorferðir nemenda í 1. – 9. bekk eru að þessu sinni skipulagðar í þeim tilgangi að kynna nemendum fyrir skemmtilegum og fróðlegum stöðum á Reykjanesi. Nemendur munu m.a. heimsækja Sólbrekkuskóg, Fræðasetrið í Sandgerði, Víkingaheima og Orkuverið Jörð. Markmið Njarðvíkurskóla með vorferðum hefur ætíð verið að nemendur fræðist og skemmti sér með bekkjafélögum sínum undir stjórn umsjónarkennara. Starfsfólk skólans hefur farið í margar ferðir með nemendum og hafa þeir ávallt verið sér og skólanum til sóma.

Virkjum vísindin

Nokkrir nemendur úr 9. og 10. bekk tóku þátt í keppninni Virkjum vísindin og hugvit unga fólksins sem fór fram í Akurskóla um miðjan maí. Þátttakendur voru frá öllum grunnskólum Reykjanesbæjar og Stóru-Vogaskóla. Þemað í ár var að smíða bát sem knúinn var vistvænni orku. Einnig var reiptog og vísindahlaup sem var unnið í samvinnu við Fjölbautaskóla Suðurnesja. Okkar nemendur stóðu sig með prýði þó svo að þeir hafi ekki unnið til verðlauna þetta árið.



Hlið við hlið í námi

Njarðvíkurskóli og leikskólinn Gimli eru fulltrúar Íslands í Comeniusarverkefni Evrópusambandsins sem nefnist "Side by side in education" eða hlið við hlið í námi. Einnig taka þátt skólar frá Spáni, Ungverjalandi, Ítalíu, Frakklandi og Wales. Í lok apríl var ráðstefna hér í Reykjanesbæ þar sem þátttakendur hittust og kynntu verkefni sinna skóla auk þess sem erlendu gestirnir nutu gestrisni kennara skólanna tveggja og ferðuðust um svæðið. Mikil ánægja var með þessa ráðstefnu, bæði hjá okkar fólki og erlendum gestum.



PBS í Njarðvíkurskóla

Nú er fyrsta framkvæmdarári Njarðvíkurskóla í PBS að ljúka og erum við mjög ánægð með þann árangur sem við sjáum á hegðun nemenda. Við höfum lagt mikla áherslu á kennslu á væntingum til hegðunar auk þess sem hrósmiðarnir okkar hafa haft þau áhrif að við, fullorðna fólkið, horfum meira á jákvæða og rétta hegðun en hunsum neikvæða hegðun þar sem það er hægt. Nákvæmar skráningar á

hegðun nemenda sýna okkur líka að PBS

agakerfið er að virka vel hjá okkur sem hvetur okkur til að halda áfram á sömu braut. Við hvetjum foreldra til að kynna sér PBS, bæði á heimasíðu skólans auk þess sem sérstakur kynningarfundur fyrir foreldra verður í haust.

Aðalfundur foreldrafélags Njarðvíkurskóla verður haldinn fimmtudaginn 28. maí á sal skólans kl. 18:00-19:00. Hefðbundin aðalfundarstörf. Foreldrar eru hvattir til að mæta.





Sumarleyfi nemenda hefst mánudaginn 8. júní.

**Skólasetning í haust verður mánudaginn
24. ágúst 2009.**

Hittumst hress og kát að loknu sumarleyfi.

INNRIÐUN Í FRAMHALDSSKÓLA

Nemendur í 10. bekk þurfa að sækja rafrænt um í framhaldsskóla. Fara skal inn á www.menntagatt.is og slá þar inn lykilorð sem nemendur hafa þegar fengið í skólanum eða sent heim. Lokað verður fyrir skráningu á miðnætti þann 11. júní. Mikilvægt er að nemendur hafi fyllt út umsóknina fyrir þann tíma svo skólavist sé vís. Nemendum er bent á að hafa samband við Jón Inga námsráðgjafa skólans ef þeir þurfa frekari aðstoð eða leiðbeiningar.

Nemendur sem þurfa að fara í fornám verða að panta tíma, ásamt foreldri sem fyrst, hjá námsráðgjafa í FS í síðasta lagi fyrir 11. júní 2009.

Óskilamunir

Í vetur hefur safnast saman mikið af óskilamunum í skólanum. Þeim verður raðað upp á ganginum á 1. hæð og hvetjum við foreldra til að kíkja hvort þeir kannist við eitthvað af þessum munum.



Útivistartími

1. maí breytist útivistartími barna. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera úti lengur en til 22:00 og börn 12 ára og eldri mega ekki vera úti eftir 24:00, miðað er við aldursár. Það er mikilvægur þáttur í forvörnum að virða útivistartíma barna!

FRÍSTUNDA- SKÓLINN

Föstudagurinn 5. júní er síðasti dagurinn sem frístundaskólinn er opinn á þessu skólaári. Foreldrar nemenda í 1.-4. bekk og eldri deild frístundaskóla eru hvattir til að sækja um í frístundaskóla fyrir næsta skólaár til að vera vissir um að börn þeirra fái aðgang. Athugið að sækja þarf um vistun í frístundaskólann **árlega**. Við hvetjum foreldra til að kynna sér breytingar á opnunartíma sem verða á frístundarskólanum á næsta skólaári.

Kæru nemendur og foreldrar!

Þökkum ykkur fyrir veturinn og óskum ykkur gleðilegs sumars!

Starfsfólk Njarðvíkurskóla.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.